

SKEL fjárfestingafélag hf.

Ársuppgjör 2022

Hagnaður eftir skatta nam 17,5 milljörðum króna á árinu 2022

Eigið fé í árslok 2022 nam 33,4 milljörðum króna og var eiginfjárhlutfall 86,2%

Fyrsta árið að baki sem SKEL fjárfestingafélag.

Uppskiptingu félagsins lokið og reyndist gæfuspor:

- Allar einingar sem áður mynduðu Skeljung bæta rekstur sinn.
- Tekjustoðum hefur fjölgað og er minnihluti eignasafns SKEL tengt sölu jarðefnaeldsneytis.

Kaup Skeljungs á Kletti – sölu og þjónustu ehf. myndar öflugan grunn undir þjónustufyrirtæki við íslenskt atvinnulíf

Kaupsamningur undirritaður vegna sölu á öllu hlutafé SKEL í Sp/f Orkufelagið

HELSTU LYKILTÖLUR OG NIÐURSTÖÐUR 4F 2022

- Fjárfestingatekjur námu 12.640 m.kr. og þar af námu gangvirðisbreytingar fjáreigna 12.358 m.kr.
- Rekstrargjöld námu 149 m.kr.
- Hagnaður eftir skatta nam 12.389 m.kr.

HELSTU LYKILTÖLUR OG NIÐURSTÖÐUR ÁRSINS 2022

- Hagnaður eftir skatta nam 17.517 m.kr. samanborið við 6.942 m.kr. frá árinu 2021.
- Arðsemi eigin fjár, á ársgrundvelli, var 110,6% samanborið við 47,3% á árinu 2021.
- Hagnaður á hlut var 9,05 í samanburði við 3,15 á árinu 2021.
- Handbært fé frá rekstri nam (4.954) m.kr. samanborið við 4.133 m.kr. á árinu 2021.
- Heildareignir í lok tímabilsins námu 38.505 m.kr., þar af voru óskráðar eignir 61,9%, skráðar eignir 12,8% og reiðufé og ríkisskuldabréf 17,8%.

- Eigið fé í lok tímabilsins nam 33.430 m.kr. og eiginfjárhlutfall var 86,2%.
- Handbært fé í lok tímabilsins nam 4.731 m.kr. og eign í ríkisskuldabréfum 2.116 m.kr.

Tilgangi félagsins var breytt í fjárfestingafélag á hluthafafundi 7. október 2021. Breytingin hafði í för með sér að eignir félagsins munu endurspegla gangverð á hverjum tíma. Sú aðlögun er yfirstaðin og birtist nú að fullu í ársuppgjöri félagsins.

HORFUR FYRIR ÁRIÐ 2023

Félagið stundar fjárfestingastarfsemi og mun því ekki birta áætlanir um afkomu ársins. Áætlanir félaga sem SKEL á í heild eða hluta eru aðgengilegar í fjárfestakynningu SKEL þar sem þær eru birtar samhliða virðismati félaganna.

ÁSGEIR HELGI REYKJÖRD GYLFASON, FORSTJÓRI SKEL:

„Árið 2022 var viðburðaríkt. SKEL hafði það að markmiði að ljúka þeirri vegferð sem hófst á haustmánuðum 2021, þegar tekin var ákvörðun um að skipta upp gamla Skeljungu hf. Um var að ræða viðamikil verkefni sem hefur krafist mikils af starfsmönnum og stjórn. Ég tel það sýna styrk starfsmanna Orkunnar, Skeljungs og Gallon að hafa tekið því fagnandi að brjóta upp 96 ára gamalt rekstrarfélag og umbreyta því í fjögur fyrirtæki sem öll eru í vaxtarfasa.

Við stefnumörkun Orkunnar, Skeljungs og Gallon var áherslan sú að þar færu fyrirtæki sem myndu hafa áhrif á sínum mörkuðum til hins betra, störfuðu sjálfstætt og myndu innleiða góða stjórnarhætti. Þessi vinna hefur gengið með ágætum og raungerist í góðri afkomu félaganna þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi. Félögin þrjú starfa nú sjálfstætt. Þau hafa á að skipa öflugum stjórnendateymi og starfsmönnum með yfirgripsmikla þekkingu á þeim mörkuðum sem félögin starfa á. Við stefnum að því að samstæður Orkunnar og Skeljungs verði skráningarhæfar einingar innan þriggja ára.

Það hefur gengið vel í þessu efnum. Orkan keypti hlut í raforkusölufyrirtækinu Straumlind. Fjöldi viðskiptavina Straumlindar hefur meira en sexfaldast árið 2022. Samstarf félaganna mun flýta verulega fyrir auknu vöruframboði samstæðunnar á raforku til heimila og fyrirtækja. Þá tilkynntum við nýlega um fjárfestingu Qair Iceland, sem er í eigu Qair, í Íslenska Vetnisfélaginu ehf. Qair er alþjóðlegt fyrirtæki í grænni orku. Við væntum mikils af samstarfinu, en til skoðunar er möguleiki Íslenska Vetnisfélagsins á að eiga alla virðiskeðjuna, frá framleiðslu til dreifingar á grænu vetni.

Gengið var frá kaupum Skeljungs ehf. á Kletti – sölu og þjónustu 10. febrúar 2023. Líkt og Skeljungur er Klettur rótgróið fyrirtæki sem byggt er upp utan um alþjóðleg vörumerki. Um er að ræða stefnumarkandi viðskipti sem eru liður í að byggja upp öflugt alhliða þjónustufyrirtæki við íslenskt atvinnulíf.

Í dag undirritaði SKEL kaupsamning um sölu á öllum hlutum sínum í Orkufélaginu, eða 48,3% af heildarhlutafé félagsins. Kaupverð hlutafjár er DKK 146.054.899. Orkufélagið er móðurfélag P/F Magn sem er orku-, verslunar og olíudreifingarfyrirtæki í Færeyjum. Salan er liður í yfirlýstri stefnu SKEL að draga úr vægi jarðefnaeldsneytissölu í eignasafninu. Árið 2019 var vægi jarðefnaeldsneytis í eignasafni 96% en nú er það 49%. Með sölu á Orkufélaginu mun draga meira úr vægi jarðefnaeldsneytis fyrir efnahag félagsins SKEL.

Kaldalón setti fram stefnu um markmiðadrifinn vöxt fram að skráningu á aðalmarkað á liðnu ári. Í framhaldi af því var hlutafé aukið um 4 milljarða að markaðsvirði. SKEL fagnar aðkomu breiðs hóps fjárfesta að félaginu. Vöxtur félagsins var mikill á árinu 2022. SKEL mun áfram styðja við félagið á þeirri vegferð sem mörkuð hefur verið.

VÍS tilkynnti um nýjan kafla í sögu félagsins þar sem stefnumörkun stjórnar er að gera VÍS að enn vænlegri fjárfestingakosti með sýn á vöxt, þróun og fjármagnsskipan. Liður í þeirri umbreytingu er að gera félagið söludrífara og vera virkur þátttakandi í þróun fjármálastarfsemi á Íslandi. Félagið tók síðan stórt skref í þessa átt með tilkynningu um samrunaviðræður við Fossa fjárfestingabanka. SKEL fagnar og styður stefnumótun stjórnar og er fylgjandi samruna við Fossa. Mikil gerjun er á fjármálamarkaði, sú gerjun opnar á frekari tækifæri til að láta sýn VÍS raungerast.”

KYNNINGARFUNDUR

Opinn kynningarfundur vegna ársuppgjörs félagsins verður haldinn 16. febrúar, á Héðni Kitchen & Bar, Seljavegi 2, 101 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 16:30 en boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 16:15. Á fundinum munu Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, forstjóri og Magnús Ingi Einarsson, fjármálastjóri kynna afkomuna og helstu þætti úr rekstrinum.

Kynningarefni frá fundinum verður gert aðgengilegt á vefsíðu SKEL, <https://skel.is/fjarfestar>

ÁRSREIKNINGUR 2022

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr ársreikningi félagsins, sem samþykktur var af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 15. febrúar 2023.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Ársreikningurinn er endurskoðaður af KPMG hf. og er áritun á ársreikninginn án fyrirvara.

Nánari upplýsingar má finna í ársreikningi sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari, sem og aðgengilegur er á www.skel.is

FJÁRHAGSDAGATAL SKEL FJÁRFESTINGAFÉLAGS HF. FYRIR ÁRIÐ 2023 ER SEM HÉR SEGIR:

Uppgjör 4. ársfjórðungs 2022 og ársuppgjör 2022: 15. febrúar 2023

Aðalfundur 2023: 9. mars 2023

Uppgjör fyrri hluta árs 2023: 16. ágúst 2023

Uppgjör seinni hluta árs 2023 og ársuppgjör 2023: 8. febrúar 2024

Aðalfundur 2024: 7. mars 2024

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, fjarfestar@skel.is